

Fulltrúaráðsfundur 11. janúar 2006 í Gerðubergi.

Efni fundarins:

1. Karl Karlsson dýralæknir hjá Umhverfisstofnun

-Dýravernd

-Hundahald í atvinnuskyni

-Fyrirspurnir og fleira

Dýravernd er málaflokkur sem fellur undir Umhverfisstofnun. Hundaræktarbú falla undir Umhverfisstofnun og nánast ekkert hefur áunnist í þeim málum. Karl sagði að það vantaði að fleiri ræktendur myndu sækja um leyfi um hundahald í atvinnuskyni, þá væri auðveldara að að rökstyðja endurskoðun og að það sé þá ekki verið að ráðast á einn tiltekin ræktanda. Spurning að hækka viðmiðið úr 6 hundum e.t.v. í 20 - 50 hunda. Karl ræddi um notkun rafmagnsáhalda og kom fram hjá honum að notkun á þeim væri bönnuð. Hins vegar segja reglur að það sé leyfilegt að flytja þau inn og selja. Karl sagðist geta lagt HRFÍ lið en hann hefur ákveðna aðkomu að nágretta sveitafélögnum

2. Þróun almennrar erfðagreiningar á hundum

Líftæknifyrirtækið Prokaria og Dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir hjá Háskóla Íslands hafa nýverið hafið samstarf um rannsóknarverkefni. Dr. Arnþór Ævarsson verkefnastjóri í lífupplýsingafræði kynnti verkefnið ásamt Dr. Guðbjörgu Ástu Ólafsdóttur.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir er að kanna erfðabreytileika íslenska fjárhundsins, sem einnig hefur menningarlegt verndargildi. Ástæðan fyrir þessu verkefni og val á þessari dýrategund sagði Guðbjörg vera áhuga hennar á að rannsaka erfðabreytileika í litlum dýrastofnun. Hægt er að finna svæði á genamengi sem gæti verið áframhaldandi ræktunarverkefni, t.d. með tilliti til sjúkdóma. Erfðabreytileiki getur líka sagt okkur ýmislegt og þ.á.m. um sögu hundsins. Arnþór Ævarsson sagði DNA próf af hundum væri það sem koma skal við ættbókarskráningu. Fór hann fram á samvinnu við HRFÍ að velja hunda af fleiri tegundum til sýnatöku. Hann óskaði eftir 50 sýnum úr mismunandi einstaklingum og bað um 100 manna lista. Þessi próf munu staðfesta ætterni. Ætternisrannsókn er væntanleg n.k. sumar eða haust.

3. Fréttir frá stjórn

Stjórn varð við beiðni fulltrúa á síðasta fulltrúaráðsfundi um að fá að senda tvo fulltrúa frá deild.

Stjórn hefur fundað 9 sinnum frá síðasta fulltrúaráðsfundi þann 7. sept. sl. eða 15 sinnum frá aðalfundi 18. maí 2005.

4. Málefni Hundaskóla HRFÍ

Mikill tími hefur farið í málefni skólans vegna uppsagna kennara. Stjórn hefur fundað með aðilum frá Hundaskólanum á þremur stjórnarfundum. Í framhaldinu var ákveðið að láta á það reyna hvort áhugi væri á að halda starfsemi skólans áfram. Boðað var til fundar í Sólheimakoti þann 3. janúar sl. um málefni skólans. Var mæting þökkaleg og fundarmenn sammála um að reyna uppbyggingu skólans og nú þegar eru komnar hugmyndir að skipulagi. Boðað verður fljótlega til annars fundar. Gunnlaugur Valtýsson og Margrét Kjartansdóttir leiða þetta starf f.h. stjórnar HRFÍ.

Fundarmenn voru hvattir til að láta vita af félagsmönnum sem gætu haft áhuga á að starfa innan einhvers sviðs skólans.

5. Nordic Championship in Junior Handling

Bréf barst frá Sophie Hedberg formanni Swedish Junior Handling committee þann 23. september 2005. Hún bauð fulltrúa okkar á fund þann 21. nóvember kl.13 á skrifstofu SKK í Stokkhólmi vegna undirbúnings fyrir fund hjá NKU Junior Handling Committee en ákveðið hefur verið í NKU að fyrsta Nordic Championship in Junior Handling verði kynnt í Noregi 2006.

Stjórn samþykkti að bjóða formanni unglingadeildar Auði Sif Sigurgeirsdóttir að fara fyrir hönd okkar sem hún og gerði.

6. Starfshópur um bættu hundamenningu

Þorsteinn Kristinsson hefur leitt starfshóp um bættu hundamenningu f.h. stjórnar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson kom á fund hjá stjórn og fjallaði m.a. um samþykkt um hundahald í Reykjavík. Sagðist hann styðja að hundahald yrði leyft í Reykjavík með skilyrðum.

Jóna Viðarsdóttir, Valgerður Júlíusdóttir og Þorsteinn Kristinsson áttu fund með bæjarstjóra Hafnarfjarðar og forseta bæjarstjórnar vegna nýrra hugmynda varðandi samþykkt um hundahald í Hafnarfirði. Ef það verður samþykkt í Hafnarfirði mun það þýða bann á mörgum stöðum innan bæjarins. Þetta hefur í för með sér mikla skerðingu á frelsi okkar hundaeiganda til að vera með hundana okkar í taumgöngu. Af þessu tilefni fór fram mótmælaganga í Hafnarfirði þann 8. október 2005 þar sem u.þ.b. 150 manns mættu með hunda. Bæjarstjóra Hafnarfjarðar var afhent mótmælabréf vegna þessarar nýrrar samþykktar.

Marta Guðjónsdóttir fulltrúi sjálfstæðismanna í pólitískri nefnd hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar hafði samband við Jónu formann. Lýsti hún yfir furðu sinni á því að fulltrúi frá félaginu væri ekki boðaður á fundi hjá nefndinni sem vinnur að endurnýjun hundasamþykktarinnar. Hún hefur tvívegis látið bóka þann vilja sinn að fulltrúi frá okkur sé boðaður á fund.

Helga Finnsdóttir dýralæknir og formaður vísindaráðs HRFÍ er tilbúin að leggja sitt af mörkum í baráttunni fyrir bættu hundahaldi og gerð nýrrar samþykktar um hundahald í borginni undir merkjum HRFÍ óski það þess.

7. Bréf frá FCI vegna undanþágu á alþjóðlegum meistaratitli.

Erindið sem átti að taka fyrir á fundi í nóvember verður tekið fyrir hjá FCI um miðjan febrúar.

8. Minningarsjóður Emilíu

EKKI er enn komin ákvörðun um endanlegt útlit minningarkortanna. Einnig á eftir að setja starfsreglur fyrir sjóðinn.

9. Sámur

Sámur barst inn um bréfalúgur félagsmanna þann 23. desember þrátt fyrir að loforð ritstjóra um útgáfu í byrjun desember. Mjög óheppilegt er að útgáfa dragist svona m.t. til auglýsenda. Þess utan á þessum tíma er fólk að drukka í alls konar pappírslóði sem skyggir á blaðið.

Jafnframt hefur ritstjóri tilkynnt að hún geti ekki ritstýrt nema næsta blaði vegna anna í eigin atvinnureksti.

10. Sólheimakot

Margrét Kjartansdóttir og Jóna Th. Viðarsdóttir funduðu með Ragnheiði Ríkhardsdóttur bæjarstjóra í Mosfellsbæ 12. desember 2005. Ragnheiður sagði að tveir aðilar hefðu komið að máli við sig varðandi það að fá að nýta aðstöðuna í Sólheimakoti. Þetta eru annars vegar hestaeigendur í Mosfellsbæ og hins vegar Björgunarhundasveitin.

11. Ýmsir atburðir hafa verið á vegum félagsins frá síðasta fundi:

- Veidipróf í Áfangafelli 9.-11. september 2005
- Sýning í október 2005 á nýju sýningarsvæði í Reiðhöllinni Víðidal.
- Augnskoðun 28.-29 október 2005 þar sem 173 hundar voru skoðaðir af Jens Sønderup frá Danmörku.
- Ræktunarnámskeið var haldið í Sólheimakoti og Hótel Geysi.
- Hlýðni- og sporleitarpróf var haldið 4.-5. nóvember 2005
- Laugavegsgangan var 26. nóvember og mikil gleðisamkoma um kvöldið í félagsheimili Fáks í Víðidal.
- Skapgerðarmat sem átti að vera 17. september var fellt niður vegna ónógrar þátttöku.

- Jólakaffi var í desember á skrifstofu HRFÍ. Mættu rúmlega 50 manns. Félagsmenn lýstu yfir mikilli ánægju með þetta framtak.

12. Á döfinni hjá félaginu:

- **Nýr starfsmaður á skrifstofu**

Mannabreytingar eru á skrifstofu. Sigríður Hrólfsdóttir mun hætta störfum 1. febrúar n.k. og við hennar starfi tók Margrét G. Andrésdóttir þann 9. janúar s.l.

Starfsmenn á skrifstofu frá 1. febrúar verða því Hanna Björk Kristinsdóttir, Helga Andrésdóttir og Margrét G. Andrésdóttir.

- **Opið hús fyrir félagsmenn verður 8. febrúar n.k. í reiðhöll Gasts í Kópavogi kl. 20.00**

Dagskrá auglýst síðar.

- **Næsta sýning 4.-5. mars 2006**

Hanna Björk kynnti ýmislegt varðandi næstu sýningu. Einnig kynnti hún breytingu á öldungaflokki. Framvegis verður öldungaflokkur skipt í tvo flokka þ.e. hundar 7-10 ára og hundar sem eru 10 ára og eldri.

Útreikningur á stigahæsta hundi verður frá mars og út október þ.e.a.s. sýningarárið.

Samkvæmt skipuriti varðandi uppsetningu á sýningum eiga eftirtaldir deildir að útvega fólk til vinnu á næstu sýningu:

- Smáhundadeild þarf að útvega 6 félagsmenn
- Terrierdeild þarf að útvega 5 félagsmenn
- Unglingadeild þarf að útvega 2 félagsmenn.

Guðrún Hafberg er að undirbúa nýtt starfsfólk til að vinna á sýningum. Mónica Karlsdóttir mun sjá um sýningarritaranámskeið 11.febrúar kl. 10-18.

Básar verða með svipuðu sniði og á síðustu sýningu í október 2005.

Sýningarþjálfun verður í reiðhöllinni í Víðidal fjóra sunnudaga fyrir sýningu ef deildir hafa áhuga. Deildirnar þurfa sjálfar að sjá um þjálfunina, en HRFÍ mun greiða leigu fyrir húsið.

Fulltrúar unglínga-, chihuahua- og cockerdeildar buðust til að finna félagsmenn til að vinna á næstu sýningu.

Námskeið verður fyrir stjórnir deilda hjá Leiðtogaskólanum UMFÍ ef áhugi er fyrir hendi. Námskeiði heitir, „Að starfa í stjórn“ og er ætlað fólki sem starfar eða ætlar að starfa í stjórn félagasamtaka. Kvöldnámskeið verður dagana 25. janúar og 15. febrúar og stendur yfir í 3 klst. hvort kvöld. Hámarksfjöldi þátttakenda er 20 manns. Námskeiðsgjald er 1000 kr., innifalið er kaffi. Þeir sem hafa áhuga þurfa að skrá sig fyrir 15.janúar.

Fyrirlestur verður hjá Lars Fält atferlisfræðingi þann 29.-30. apríl 2006

Skráning ítrekuð. Verð er kr. 2000

Ræktunarnámskeið verður haldið á Hótel Geysi þann 21. - 22. janúar n.k. umsjónarmaður námskeiðisins er Kenneth Edh.

Einnig er á döfinni:

- Æfingar hjá veiðihundadeild
- Retrievernámskeið
- Fuglahundanámskeið

Starfsemi Svæðafélagsins á Akureyri

Búið er að boða til fundar þann 18. janúar n.k. á Akureyri þar sem undirbúningsnefnd kynnir hugmyndir um svæðafélag.

Á döfinni hjá deildunum, stutt kynning frá forsvarsmönnum deilda um starfsemina:

Guðni Ágústsson, Díf:

Útgáfa dagatals, undirbúningur væntanlegrar ræktunarsýningar þann 14. janúar og verkefnið í samvinnu við Guðbjörgu Ástu Ólafsdóttur og Líftæknifyrirtækið Prokaria.

Sigurður Magnússon, retrieverdeild:

Verið er að ganga frá fjárhagsáætlun, starfsáætlun og veiðiprófum. Unnið er að því að kortleggja víkjandi gen vegna PRA, þar sem einn labradorhundur greindist nýlega með sjúkdóminn. Upplýsingar verða birtar á netinu. eru að fara af stað með námskeið þar sem tæplega 30 hundar eru skráðir. Uppfærsla á heimasíðunni.

Auður Sif, unglingsdeild:

Sagði frá væntanlegu Norðurlandamóti ungra sýnenda. Væntanlega verða fjórir keppendur fyrir hvert land. Dómarar koma frá landi utan keppnislandanna. Fyrirhuguð er liðakeppni fyrri daginn og einstaklingskeppni seinni daginn.

María Tómasdóttir, Cavalier King Charles Spaniel deild:

Sagði sína deildarmenn styrkja fjárhag félagsins með ræktun og sölu á hvolpum.

Sigurlaug, chihuahuadeild :

Brynja Thomer gaf deildinni þýðingu á standardinum. Verið að hanna logo deildarinnar.

Pétur Allan, veiðihundadeild:

Loksins leyfilegt að veiða rjúpu. Dró aðeins úr áhuga manna fyrir fuglahundum í banninu. Opið hús er alla sunnudaga, opnað kl. 9 í Sólheimakoti, síðan farið upp á heiði að þjálfa hundana. Veiðipróf á dagskrá. Vilja sameina veiðihundadeild og írsk setter deild. Von er á erlendum dómurum og fyrirlesurum.

Súsanna Poulsen, terrierdeild.

Sýningarþjálfun í reiðhöll Andvara alla sunnudaga í febrúar kl. 17 – 18. 3-4 fræðslufundir verða haldnir í vetur þ.a.m. manneskja til að leiðbeina með feldhirðu.

13. Önnur mál

Frá 1. janúar 2006 fá félagar aðvörun, ef ekki liggur fyrir heilsufarsvottorð s.s. augnvottorð og þau vottorð sem eru tilskilin fyrir hverja tegund, þegar parað er.

Formaður þakkaði fyrir góðan fund og fundi var slitið.